

## Landsyfirrættardómar 1905.

Mánudaginn hinn 9. janúarmánaðar.

Nr. 26/1904:

Hið opinbera  
gegn  
Erik Eriksen.

### D ó m u r:

Með lögreglurættardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar upp-  
kveðnum 22. okt. f. á. var hinn kærði, lyfsali á Seyðis-  
firði Erik Eriksen (eða Erichsen), dæmdur fyrir ólöglega  
áfengissölu samkvæmt lögum nr. 26, 11. nóv. 1899 til  
að greiða 50 kr. sekt til bæjarsjóðs Seyðisfjarðarkaup-  
staðar, svo og til að greiða allan sakarkostnaðinn í hér-  
aði. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirrettarins  
eftir ósk hins kærða.

Hinn kærði hefir venjulegt lyfjasöluleyfi á Seyðis-  
firði, en hann hefir eigi fengið leyfi til að verzla þar með  
áfenga drykki eða veita þá. Hann hefir því eigi aðra  
eða frekari heimild til þess að láta af hendi áfenga  
drykki fyrir borgun en lyfsölum yfirleitt er veitt með  
10. gr. í lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja  
11. nóv. 1899. En þar segir svo, að sérhver lyfsali

hafi »heimild til að selja áfenga drykki, sem fyrirskipaðir eru eftir læknisforskrift«. Nú hefir kærði kannast við það, og það er enda að nokkru leyti sannað á annan hátt, að hann hafi tvívegis látið af hendi 1 flösku af áfengu víni án læknisforskriftar; annað skiftið var 4. júní í sumar sem leið, og tók hann þá 2 kr. 50 a. fyrir vínflöskuna; að hann hafi fleirsinnis látið af hendi vín og annað áfengi eftir sömu læknisforskriftinni, án þess hún væri endurnýjuð, og að hann hafi látið af hendi í einu stærri skamt af áfengi eftir læknisforskrift en forskriftin hljóðaði um, og er dæmi þess tilgreint í réttarprófunum. Með því að láta þannig af hendi fyrir borgun — en borgun virðist kærði jafnan hafa tekið — áfenga drykki, sumpart án læknisforskriftar og sumpart fram yfir það, sem læknisforskrift heimilaði, hefir kærði gjörst brotlegur gegn 1. gr. sbr. 10. gr. laganna um verzlun og veitingar áfengra drykkja, og með því að afsakanir hans að öðru leyti eigi verða teknar til greina, verður hann að sæta sekt eftir 13. gr. laganna, sem þykir hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum 50 kr. og renni í sjóð þann, er lögregluréttardómurinn ákveður. Með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkjast, verður nefndur dómur staðfestur í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður kærði og að greiða allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottað, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Kærði lyfsali Erik Eriksen greiði einnig allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Páls Vídalín Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 27/1904:

Hið opinbera  
gegn  
Sigurjóni Jónssyni.

#### D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 10. nóv. f. á., var hinn kærði, Sigurjón kaupmaður Jónsson, dæmdur fyrir lögreglubrot í 15 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða allan kostnað lögreglumálsins gegn honum. Þessum dómi hefir verið áfrýjað til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Það er nægilega sannað í málinu með vitnaskýrslum, er fengnar hafa verið, að hinn kærði hafi að kvöldi dags 4. nóv. f. á. sýnt af sér ofsalegt atferli og gjört hávaða og ónæði inni á veitingastaðnum »Hotel Island« og síðan gjört hávaða og sýnt af sér ofsalegt hátterni á götum bæjarins. Kærði var þetta kvöld nokkuð